

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 290/2016 um diplómanám á meistarastigi við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

1. gr.

Heiti reglnanna skal vera: **Reglur um nám til lokaprófs á meistarastigi við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.**

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar skal vera: *Markmið náms til lokaprófs á meistarastigi.*
- b. Í stað orðsins „Hjúkrunarfræðideild“ í 1. másl. koma orðin: Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.
- c. Í stað orðsins „diplómanáms“ í 1. másl. kemur orðið: lokaprófs.
- d. Í stað orðsins „diplómanámsins“ í 2. másl. kemur orðið: námsins.
- e. Í stað orðsins „hjúkrunarfræða“ í 2. másl. koma orðin: hjúkrunar- og ljósmóðurfræða.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómanáms“ í 3. másl. 1. mgr. koma orðin: náms til lokaprófs á meistarastigi.
- b. Í stað orðsins „diplómanám“ í 1. másl. 3. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómanám“ í 1. másl. 1. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- b. Í stað orðsins „diplómanám“ í 3. másl. 1. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- c. Í stað orðsins „diplómanámi“ í 1. másl. 2. mgr. koma orðin: námi til lokaprófs á meistarastigi.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Diplómanám“ koma orðin: Nám til lokaprófs á meistarastigi.
- b. Í stað orðanna „að jafnaði 30“ koma: 60–89.
- c. 2. másl. fellur brott.
- d. Á eftir 1. másl. bætist við tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Miðað skal við að lengd námsins sé fullt nám í tvö misseri, eða hlutanám í fjögur misseri. Hámarksnámstími er sex misseri frá því að nemandi var skrásettur í námið.
- e. Nýr málsliður bætist við greinina, aftast, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsliðar skulu nemendur sem þegar stunda 30 eininga viðbótarnám á meistarastigi eiga þess kost að ljúka náminu samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi var þegar þeir hófu nám.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómaprófi“ í 1. másl. 1. mgr. koma orðin: lokaprófi á meistarastigi.
- b. Í stað orðsins „diplómanám“ í 2. másl. 1. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- c. Í stað orðsins „diplómanámi“ í 1. másl. 2. mgr. koma orðin: námi til lokaprófs á meistarastigi.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar skal vera: *Námskeið í námi til lokaprófs á meistarastigi sem hluti af meistaránámi.*
- b. Í stað orðsins „diplómanámi“ koma orðin: lokaprófi á meistarastigi.

- c. Á eftir orðinu „meistaraprófs“ koma orðin: eða meistaragráðu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar skal vera: *Námsnefndir*.
- b. Í stað orðsins „diplómanám“ í 1. másl. 1. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- c. Í stað orðsins „diplómanáms“ í 1. másl. 2. mgr. koma orðin: náms til lokaprófs á meistarastigi.
- d. Í stað orðsins „diplómanám“ í 2. másl. 2. mgr. koma orðin: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- e. Í stað orðsins „diplómanám“ í lokamálslið 2. mgr. kemur orðið: nám.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómanámi“ í 1. másl. koma orðin: námi til lokaprófs á meistarastigi.
- b. Í stað orðsins „Diplómanámi“ í upphafi 2. másl. kemur orðið: Námi.
- c. Í stað orðsins „diplómanámi“ í 2. másl. kemur orðið: námi.
- d. Í stað orðsins „diplómanámi“ í lokamálslið greinarinnar kemur: námi til lokaprófs á meistarastigi.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómanámsins“ kemur orðið: námsins.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „diplómanám“ í 1. másl. kemur orðið: nám til lokaprófs á meistarastigi.
- b. Í stað orðsins „diplómanámi“ í 1. másl. kemur orðið: námi.
- c. Orðið „diplóma“ í 2. másl. fellur brott.

12. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 8. mgr. 97. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar hafa verið samþykktar af hjúkrunarfræðideild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. febrúar 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.